

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F134/2023

Reykjavík, 28. mars 2023

Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Fangelsismálastofnun
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnesi

Fangelsið Litla-Hrauni
Fangelsið Hólmsheiði
Halldór Valur Pálsson forstöðumaður
Litla-Hrauni
820 Eyrarbakka

I

Í byrjun árs 2018 óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um almennt verklag við síma- og tölvupóstsamskipti við fanga og aðstandendur þeirra, bæði af hálfu Fangelsismálastofnunar, stjórnenda einstakra fangelsa og fangavarða. Tilefnið voru ummæli við tiltekna frétt í athugasemdakerfi vefmiðils þar sem fram kom sú lýsing að Fangelsismálastofnun væri búin að taka fyrir að fangar gætu hringt í stofnunina. Þá hafði Afstöðu, félagi fanga og annarra áhugamanna um fangelsismál og betrun, borist frásagnir og kvartanir vegna þessa, einnig að allur gangur væri á því hvort fangaverðir yrðu við beiðnum fanga um að hringja í stofnunina fyrir þá.

Í svörum Fangelsismálastofnunar kom fram að fangar ættu að hafa greiðan aðgang að starfsmönnum stofnunarinnar og þeir hefðu samband ýmist með tölvupósti eða símleiðis og þá yfirleitt með milligöngu fangavarða. Ef ekki næðist í viðkomandi starfsmann í síma væru skilin eftir skilaboð eða fangavörður sendi tölvupóst á viðkomandi starfsmann. Fram kom í svarinu að stofnunin hefði haft samband við forstöðumenn allra fangelsanna, m.a. með tölvupósti sem fylgdi hjálagður og bar með sér að allir starfsmenn Fangelsismálastofnunar hefðu fengið afrit af, þar sem áréttáð var að föngum væri heimilt að hafa samband við starfsfólk Fangelsismálastofnunar í gegnum síma, bréfleiðis og með öðrum hætti. Voru forstöðumennirnir beðnir um að koma þessum upplýsingum til allra starfsmanna fangelsanna og fanga. Í ljósi svara Fangelsismálastofnunar taldi umboðsmaður ekki tilefni til

að taka verklag stofnunarinnar til frekari athugunar að þessu leyti. Hann tók þó fram að hann myndi áfram fylgjast með þessum málum með hliðsjón af þeim kvörtunum og ábendingum sem honum kynnu að berast og taka til frekari athugunar teldi hann ástæðu til.

Fimmtudaginn 23. mars sl. heimsóttu starfsmenn umboðsmanns Fangelsið Hólmsheiði vegna yfirstandandi athugunar embættisins á aðstæðum við afplánun kvenna. Þótt heimsóknin væri farin í þágu þessarar athugunar vöktu ákveðin atriði athygli starfsmannanna. Þessi atriði lúta annars vegar að aðgangi fanga að stjórnvöldum símleiðis og hins vegar fyrirkomulagi bréfaskipta við þau. Þessi atriði eru þess eðlis að umboðsmaður telur tilefni til að afla frekari upplýsinga og skýringa á grundvelli frumkvæðisheimildar sinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

II

Vegna aðgangs fanga að stjórnvöldum höfðu umboðsmanni áður borist ábendingar um að föngum reyndist erfitt að ná sambandi í síma við Fangelsismálastofnun og dómsmálaráðuneytið. Af þeim mátti ráða að jafnvel kynni að vera búið að taka fyrir milliliðalaus samskipti fanga við þessi stjórnvöld. Af því tilefni óskuðu starfsmenn umboðsmanns í nýliðinni heimsókn eftir því við starfsmenn fangelsisins að þeir upplýstu hvort einhverjar takmarkanir væru á umræddum samskiptum. Þá prófuðu starfsmenn umboðsmanns síma inni á deildum fangelsisins og í almennu rými í kringum varðstofu fangelsisins.

Eftir því sem starfsmenn umboðsmanns komust næst í fyrrnefndri heimsókn var lokað fyrir símhringingar af deildum fanga m.a. til Fangelsismálastofnunar og ráðuneytisins. Þá virtist ekki hægt að hringja út fyrir fangelsið úr símanum í almenna rýminu heldur urðu starfsmenn fangelsisins að hringja í uppgefið númer úr varðstofu og flytja símtalið í símann. Nánar tiltekið er hér um að ræða síma í opnu rými sem fangaverðir og aðrir fangar geta átt leið um. Virðist þessi aðstaða þannig ekki fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til einkasamtala. Hins vegar kom fram að fyrir hendi væri þráðlaus sími sem unnt væri að nota við þessar aðstæður þannig að fangi fengi næði. Loks var upplýst að fangar væru oft spurðir um erindi sitt við stjórnvaldið svo unnt væri að meta hvort það væri þess eðlis að starfsmenn fangelsisins gætu brugðist við því og þar með yrði óþarf að fangi ætti frekari samskipti. Loks er rétt að taka fram að umboðsmanni hafa jafnframt borist ábendingar um að fyrirkomulag sé með svipuðum hætti í Fangelsinu Litla-Hrauni.

Af þessu tilefni er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, að dómsmálaráðuneytið, Fangelsismálastofnun og forstöðumaður Fangelsisins Hólmsheiði og Litla-Hrauni, eftir atvikum í sameiningu, veiti umboðsmanni Alþingis upplýsingar um og skýringar á eftirfarandi:

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

1. Óskað er upplýsinga um hvort það fyrirkomulag sem áður er lýst við samskipti fanga í síma sé viðtekið í Fangelsinu Hólmsheiði. Einnig er óskað upplýsinga um hvort sambærilegt fyrirkomulag tíðkist í fleiri fangelsum en Fangelsinu Hólmsheiði og hvort lokað sé á aðgang fanga til að hafa samband símleiðis við fleiri aðila en nefndir hafa verið og þá hverja.
2. Sé um að ræða almenna takmörkun á aðgengi fanga að samskiptum með þeim hætti sem áður er lýst, hvort heldur er á Hólmsheiði eða í fleiri fangelsum, er óskað eftir upplýsingum um hvernig þetta fyrirkomulag er tilkomið, s.s. hvort um er að ræða formlega ákvörðun eða skráð verklag.
3. Óskað er eftir að veittar verði skýringar á því hvernig þetta fyrirkomulag, ef um það er að ræða, samrýmist hlutverki og skyldum fangelsa, Fangelsismálastofnunar og dómsmálaráðuneytisins á grundvelli laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, almennum reglum um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda og vönduðum stjórnsýsluháttum.

III

Í sömu heimsókn starfsmanna umboðsmanns í Fangelsið Hólmsheiði og vísað er til í kafla II urðu þeir þess áskynja að erindi fanga til umboðsmanns Alþingis hefðu verið lesin af fangavörðum. Við frekari eftirgrennslan fengust þær upplýsingar að föngum byðist ekki að senda umboðsmanni Alþingis eða stjórnvöldum erindi í lokuðu umslagi og umgjörð meðferðar á bréflegum erindum þeirra til þessara aðila væri ekki til þess fallin að koma í veg fyrir að starfsmönnum fangelsisins yrði kunnugt um efni þeirra. Þá skal tekið fram að starfsmenn umboðsmanns urðu einnig varir við ákveðna annmarka á fyrirkomulagi bréfaskipta við OPCAT-eftirlit þeirra í Fangelsinu Litla-Hrauni seint á síðasta ári.

Af þessu tilefni er minnt á að samkvæmt 2. mgr. 50. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, skal ekki skoða bréfaskipti milli fanga og lögmanns, opinberra stofnana, prests eða annars sambærilegs fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags sem fangi tilheyrir eða umboðsmanns Alþingis.

Af ofangreindu tilefni er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, að forstöðumaður Fangelsisins Hólmsheiði og Litla-Hrauni og Fangelsismálastofnun, eftir atvikum í sameiningu, veiti umboðsmanni Alþingis svör við eftifarandi spurningum:

1. Óskað er eftir því að lýst verði almennu verklagi við bréfaskipti fanga við stjórnvöld og umboðsmann Alþingis í Fangelsinu Hólmsheiði. Einnig hvort sambærilegt fyrirkomulag tíðkist í öðrum fangelsum. Er hér m.a. haft í huga hvort fanga sé útvegað

bréfsefni, skriffæri og umslög, honum boðinn aðgangur að rými þar sem unnt er að rita erindi í einrúmi, hvort erindi séu skoðuð eða yfirfarin af starfsfólki fangelsis, hvernig þeim sé komið til skila til réttra móttakenda o.s.frv.

2. Óskað er eftir upplýsingum um þær ástæður sem búa að baki því fyrirkomulagi við bréfaskipti fanga sem starfsmenn umboðsmanns urðu vitni að og fengu upplýsingar um í heimsókn sinni og síðan hvenær það hafi tíðkast.
3. Þess er óskað að umboðsmanni verði veittar skýringar á því hvernig umrætt verklag samrýmist fyrrnefndu ákvæði 2. mgr. 50. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

IV

Þess er óskað að svör við framangreindum spurningum berist umboðsmanni ekki síðar en 11. apríl nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT